

**Nd.** **653. Frumvarp til laga** [157. mál]  
um breyting á lögum nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Flm.: Ólafur Thors, Emil Jónsson, Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Í stað „10 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 15 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Heildarkostnaður við hafnarmannvirkin í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum mun nú nema um 10 millj. kr., og verður því ekki lengur fram haldið með hafnargerðina, nema heimild fáist til að hækka kostnaðinn umfram þessa upphæð, sem lögín gera nú ráð fyrir.

Enn er svo mikið ógert við höfnina, að við svo búið má ekki standa, og ber því brýna nauðsyn til að halda áfram verkinu.

Tekjur hafnarinnar nema nú nærri  $\frac{1}{2}$  millj. kr. á ári og fara stöðugt vaxandi.

Eftirspurn eftir viðleguplássi hefur ekki verið hægt að fullnægja eins og er, en með hverri aukningu, sem við bætist, eru meiri möguleikar til að mæta eftirspurninni.

Næstu verkefningin, sem fyrir liggja, eru bygging hafnargarðanna í Njarðvík og aukning á viðleguplássi fyrir fiskibáta þar, og mun því verki verða fram haldið eftir því sem fé verður fyrir hendi.